

AUGLÝSING

um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 465/2019, um félagslegt leiguhúsnaði.

1. gr.

D-liður 1. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

D. Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir eftirfarandi tekju- og eignamörk:

Tekjumörk eru kr. 7.847.000 fyrir einstakling en kr. 11.025.000 fyrir hjón og sambúðarfólk. Þá reiknast kr. 1.969.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er á framfæri viðkomandi. Þá reiknast kr. 984.500 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er í umgengni hjá umsækjanda. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna síðastliðinna þriggja ára.

Eignamörk eru kr. 8.499.000.

Fjárhæðir eru endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega.

2. gr.

Kaflinn *Tekjur á ársgrundvelli* í matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnaði, í fylgiskjali 1, breytist og verður svohljóðandi:

Tekjur á ársgrundvelli	stig
Árstekjur eru yfir kr. 7.874.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 5.118.100 til kr. 7.874.000	1
Árstekjur eru undir kr. 5.118.100	2

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 12. febrúar 2026, og eru byggðar á XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 16. febrúar 2026.

Heiða Björg Hilmsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 20. febrúar 2026